

Minnisblað sviðsstjóra skipulagssviðs.

Það er algjörlega huglægt mat hvenær nýbyggingar taka mið af eldri byggð, og hvaða skilyrði þær þurfa að uppfylla til þess. Þar þarf einnig að gæta jafnvægis, þannig að út komi sjálfstætt arkitektónískt form, en ekki eftirlíking (á arkitektamáli pastich), sem hvergi þykir fínt. Að mínu mati væri það of mikið á átt til eftirlíkingar að elta form mæniskvista sem minni hús bera mun betur. Ég tel að flatir kvistir eigi betur heima á húsunum við Austurbrú. Þeir þurfa þó að vera vel útfærðir.